

Safnasafnið

Icelandic Folk and Outsider Art Museum

2016



Safnasafnið,
Svalbarðsströnd, 601 Akureyri
www.safnasafnid.is

© Safnasafnið 2016

Sýningarstjórar / Curators

Niels Hafstein, Magnhildur Sigurðardóttir,
Unnar Örn J. Auðarson, Margrét M. Norðdahl,
Harpa Björnsdóttir

Undirbúningur útsaumssýningar /

Research work for embroidery exhibition

Bryndís Símonardóttir, Guðrún Hadda Bjarnadóttir,
Jenny Karlsdóttir, Magnhildur Sigurðardóttir,
Sigrún Höskuldsdóttir

Annar undirbúningur og aðstoð /

Preparation and assistance

Haraldur Nielsson, Ragnhildur Stefánsdóttir,
Valdimar Sverrisson, Þórður Sverrisson

Kynningarmál / Public Relations

Margrét M. Norðdahl

Textar / Texts

Harpa Björnsdóttir, Niels Hafstein

Þýðing / Translation

Anna Yates, Harpa Björnsdóttir

Prófarkalestur / Proofreading

Harpa Björnsdóttir

Forsíða / Cover

Laufey Jónsdóttir, ljósmynd / photo Pétur Thomsen

Ljósmyndir / Photographs

© Pétur Thomsen, Safnasafnið, Burkni J. Óskarsson,
Jaroslaw Lenski, Magnhildur Sigurðardóttir

Prentun / Printing

Litróf

Allar ljósmyndir, listaverk, texti og annað efni verndað skv. íslenskum og alþjóðlegum höfundaréttarlögum. Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

All photographs, artworks and text protected under Icelandic and International Copyright Conventions. All rights reserved, including the right to reproduce this book or any portions thereof, in any form, except for brief quotations in a review or by written permission by the authors and publisher.

Safnið

Safnasafnið var stofnað þann 17. febrúar árið 1995, af hjónunum Nielsi Hafstein myndlistarmanni og Magnhildi Sigurðardóttur geðhjúkrunarfræðingi. Hafa þau byggt upp myndarlega sýningarstöðu sem samanstendur af gamla barnaskólanum, sem jafnframt var þinghús Svalbarðshrepps, og kaupfélagshúsinu Gömlu-Búð sem reist var árið 1900 á Svalbarðseyri en flutt á safnlóðina 2006 og endurgert. Voru þessi tvö virðulegu hús síðan tengd saman með glæsilegri viðbyggingu og safnið opnað í núverandi mynd árið 2007 með 10 misstórum sölum og alls 474 fermetra sýningarrými.

Stofnendur hafa í rúm 30 ár safnað af ástríðu verkum helstu alþýðulistamanna landsins, listamanna sem af ýmsum ástæðum hafa verið á jaðrinum eða utanveltu við meginstrauma, stundum kallaðir næfir eða einfarar í myndlistinni, en eru í reynd beintengdir sköpunarverkinu; sannir, óspilltir og frjálsir.

Safnasafnið hefur þá sérstöðu meðal listasafna á Íslandi að safna jöfnum höndum list eftir leika sem lærða, þó að meginstofni verkum sjálfmenntaðra listamanna. Grunnsafneignin telur um 6.000 listaverk, gerð af 323 lærðum og sjálf-lærðum listamönnum frá miðri níttjándu öld til dagsins í dag. Einnig er sérstök safndeild, Kikó Korriró-stofa, þar sem varðveitt eru um 120–130.000 verk eftir Þórð Guðmund Valdimarsson (1922–2002).



The museum

The Icelandic Folk and Outsider Art Museum was founded in 1995 by artist Níels Hafstein and his wife Magnhildur Sigurðardóttir, who is a psychiatric nurse. The museum is located in north Iceland, close to Svalbarðsströnd (about 10 minutes' drive from Akureyri). It consists of two adjoined vintage buildings with a local history, one being the former elementary school and community centre, while the other was built in 1900 to house the district's first co-op. The museum was reopened after renovation in 2007 with 10 display rooms of various sizes, altogether 474 square metres of exhibition space.

For over 30 years the museum's founders have been passionately committed to collecting artworks by artists who have hitherto been looked upon as being outside the cultural mainstream, often also called naïve or *brut*. Artists who have a real and direct connection to an original creational spirit; true, unspoiled and free.

The Icelandic Folk and Outsider Art Museum is a unique art museum in Iceland, initially collecting artworks by all major contemporary folk artists and autodidacts in Iceland, whose works form the core of the collection, while also gradually acquiring an excellent collection of art by modern trained artists. The base collection consists today of about 6,000 artworks by 323 artists, dating from the mid-19th century to present times. In addition there is a special department consisting of 120–130,000 works by Þórður Guðmundur Valdimarsson (1922–2002), alias Kikó Korriró.

Guðjón R. Sigurðsson (1903–1991)



Sæmundur Valdimarsson (1918–2006)





Ragnar Bjarnason (1909–1977)

Steinsteyptir og málaðir skúlptúrar sem stóðu áður í garði Ragnars í Vogahverfinu í Reykjavík. Hér má sjá verkin Móðurást, Baggabinding, Kólski, Kristur, Josephine Baker, Sláttumaður og Smali.

Ragnar's sculptures, cast in concrete and painted, used to stand in his garden in Reykjavík. Here on display are the sculptures Motherly Love, Binding the hay, The Devil, Jesus Christ, Josephine Baker, Man with Scythe and Shepherd.

Aðalheiður Eysteinsdóttir (1963)

Verk Aðalheiðar, *Elskendur í hálfra öld* stóð í garðinum sumrin 2013 og 2014, en er nú komið inn í safnið til að eiga vingjarnlegt samlæti við verk annarra listamanna

Aðalheiður's sculpture, *Lovers for Half a Century*, was placed in a lovely hollow in the wood adjoining the museum in the summers of 2013 and 2014, but is now on display inside the museum.



Með því að tefla verkum hinna sjálfmenntuðu fram í samtali við verk lærðra listamanna tekur Safnasafnið þann útgangspunkt að sýna listaverk á jafnréttisgrundvelli, þar sem eina krafa er gæði verkanna. Stofnendum og stjórn Safnasafnsins hefur á tveimur áratugum þannig tekist það sem ólíklegt þótti, að færa alþýðulistina af jaðrinum inn að miðju og lokka jafnframt skólaða nútímalistamenn til heilladrjúgs samstarfs.

Hópurinn Huglist frá Akureyri hefur verið í samstarfi við Safnasafnið og sýnt verk sín í safninu, bæði saman og sem einstaklingar. Huglist var stofnað 2007 sem vettvangur fyrir fólk með geðraskanir sem vildi vinna gegn fordómum og vera sýnilegt í samfélagi við aðra. Hinn hávaxni, bláklæddi Safnvörður sem tekur á móti gestum á hlaði Safnasafnsins er einmitt úr smíðju þeirra Huglistarféлага.

By exhibiting works by autodidacts in juxtaposition with the works of renowned contemporary artists, the Icelandic Folk and Outsider Art Museum focuses on all artistic creation without discrimination, the only criterion being the quality of the artworks. Since the museum was founded over twenty years ago, it has over time reached its ultimate goal, to bring folk and outsider art from the periphery to the centre, and at the same time to lure modern artists, trained at the best art schools and academies, into fruitful collaboration.

The Icelandic Folk and Outsider Art Museum has enjoyed a fruitful collaboration with the Huglist group, consisting of young people who joined forces in 2007 to found a self-help group to fight prejudice against mental ailments. The tall figure in a blue suit, who greets the museum's guests upon arrival, is a fine example of their ambitious work.



Í bókastofu Safnasafnsins eru í ár sýnd myndverk eftir þá Huglistarfélagi Finn Inga Erlendsson (1978) og Hallgrím Siglaugsson (1971), sem eru báðir búsettir á Akureyri. Finnur sýnir verk úr leir og Hallgrímur blýantsteikningar. Auk þeirra er í bókastofu teikning eftir Akureyringinn Sigurð Kristjánsson (1909–1998). Hann vann alla tíð sem verkamaður, var bókelskur og sótti námskeið í myndlist. Sigurður málaði fyrst og fremst landslagsmyndir og var einfari í myndlist sinni. Einnig eru sýnd verk með blandaðri tækni eftir bandaríska listamanninn Scott Kraynak (1976). Úr safneign eru sýnd leirverk eftir Svövu Skúladóttur (1909–2005) og tengist *Sýnishorni safneignar 1* sem er á 1. hæð og víðar í safninu.

Í bókasafni og fræðastofu Safnasafnsins er ógrynni bóka og fræðiritu um flestar helstu listgreinar, svo sem myndlist, hönnun, arkitektúr, textíl og handverk, en einnig ýmislegt fleira. Auk þess er þar að finna upplýsingar um sýningarhald, safneign og rannsóknir Safnasafnsins á alþýðulist og sérstæðum listamönnum.

Scott Kraynak (1976)



On display in the museum library are works by Finnur Ingi Erlendsson (1978) and Hallgrímur Siglaugsson (1971), both members of the Mental Art Group (Huglist) in Akureyri. Finnur shows ceramics and Hallgrímur pencil drawings. Also on display is a drawing by Sigurður Kristjánsson (1909–1998), also from Akureyri, who worked his whole life as a manual labourer, was a true lover of books and took courses in painting. He mainly painted Icelandic landscapes and was an outsider in his art. Scott Kraynak (1976) is an artist from the US, exhibiting works in mixed media. Ceramics by Svava Skúladóttir (1909–2005) are exhibited as part of the *Showcase 1* exhibition, which is displayed on the 1st floor and elsewhere in the museum.

The museum library contains hundreds of books and vast source material about visual arts, design, architecture, textile and crafts. Also it includes source material about the museum, its exhibitions since the outset, the collection and the museum's own research on folk art and outsider artists.



Safnasafnið hefur verið í samstarfi við hina árlegu hátíð List án landmæra, þar sem lærðir og sjálfærðir listamenn mætast í frjóu samstarfi. Safnasafnið hefur einnig átt í löngu og frjóu samstarfi við hið einstaka samfélag að Sólheimum í Grímsnesi og sett upp sýningar á verkum listamanna sem þar búa og starfa. Safnasafnið hefur auk þess sýnt verk eftir einstaklinga á ýmsum aldri sem unnið hafa á leirverkstæði handverksmiðstöðvarinnar Punktusins á Akureyri, nemendur hæfingarstöðvarinnar Skógarhlíðar á Akureyri og Fjölmennar í Reykjavík. Eins sýnir safnið reglulega verk eftir listafólk með þroskahömlun sem stundar nám við Myndlistarskólann í Reykjavík.

The museum has every year cooperated with Art Without Borders, an annual art festival where people with disabilities exhibit their own individual artworks and join in a creative encounter with contemporary artists. The museum has also regularly exhibited works by residents of the ecovillage Sólheimar in south Iceland, known for its artistic atmosphere, where about 100 disabled people live and work together.

The museum has exhibited works by individuals working in Punkturinn workshop and students of Skógarhlíð workcentre in Akureyri, as well as members of Fjölmennar in Reykjavík, and people with disabilities who study at the Reykjavík School of Visual Art.



Sýnishorn safneignar I

Ein af höfuðsýningunum í ár byggir á ítarlegri könnun á safneigninni. Dreginn er fram þverskurður af henni, með áherslu á söfnunarstefnuna, sýnt er jafnt hlutfall lærdra sem leikra listamanna og kynjunga gert jafnhátt undir höfði. Hér er þó ekki um „úrval“ að ræða, heldur verk sem eiga erindi á þessum vendipunkti og hafa mörg hver áður verið á sýningum í sölum safnsins. Safneignin er gnægtabrunnur sem sótt er í af forvitni með endurnýjun í huga og verkin skoðuð frá ýmsum sjónarhornum. Leitast er við að uppgötva áður óþekkt flesti á þeim til að setja í nýtt og óvenjulegt samhengi og gefa þannig gestum safnsins aðgang að því sem er frábrugðið, tímalaut og eftirtektarvert. Með þessu móti skapast spennan með jákvæðum formerkjum þar sem áhorfendur geta velt fyrir sér nálgun sýningarstjórnanna, hvornig þeir kjósa að kynna hugmyndir sínar og laga þær að hverju rými fyrir sig. Til að undirstrika fjölbreytni og nýstárleg sjónarmið er samtímis varpað ljósi á önnur verk sem til sýnis eru í safninu og munu væntanlega gleðja augu gesta.

Sýningin er á báðum hæðum safnsins og jafnhliða sýningunni er gefin út *Sýnisbók safneignar I*.

Listamenn / Artists

Arnar Herbertsson (1933) **Atli Viðar Engilbertsson** (1961) **Ásta Ólafsdóttir** (1948) **Birgir Andrésson** (1955–2007) **Björn Lindal Guðmundsson** (1906–1994) **Dieter Roth** (1930–1998) **Elisabet Geirmundsdóttir** (1915–1959) **Elsa Dórothea Gísladóttir** (1961) **Guðjón R[unólfsson] Sigurðsson** (1903–1991) **Halldóra Kristinsdóttir** (1930–2013) **Hannes Lárusson** (1955) **Hildur Hákonardóttir** (1938) **Hildur Kristín Jakobsdóttir** (1935–2003) **Jóhanna Jóhannsdóttir** (1918–1985) **Kees Visser** (1948) **Laufey Jónsdóttir** (1944) **Magnús Pálsson** (1929) **Ólafur Óskar Lárusson** (1951–2014) **Ragnhildur Stefánsdóttir** (1958) **Sæmundur Valdimarsson** (1918–2006) **Svava Björnsdóttir** (1952) **Svava Skúladóttir** (1909–2005) **Þór Vigfússon** (1954) **Þórður Guðmundur Valdimarsson** – **Kikó Korrió** (1922–2002)

Showcase I

In the first of the museum's *Showcases* the focus is on the collection policy – including equal numbers of trained and self-taught artists, and as many men as women. The works included do not represent, however, a “selection.” They are pieces that have relevance at this turning-point, many of which have previously been exhibited in the museum's shows. The museum's collection is a cornucopia into which we plunge with curiosity, aiming for renewal and examining the works from different viewpoints. We strive to see new aspects of them, and place them in the context of what is more familiar, and offer visitors access to something which is different, timeless and interesting. Thus a certain suspense is established – on positive terms – inviting visitors to consider the approach of the curators: how they choose to present their ideas and adapt them to each space. In order to underline diversity and innovative perspectives, light is also shed on other works on display, which visitors will no doubt enjoy.

The Showcase is on both floors of the museum, and in connection with the exhibition the first book displaying a selection from the collection, *Showcase I*, will be published.



Þórður Guðmundur Valdimarsson – Kikó Korrríó (1922–2002)

Þórður fæddist og ólst upp í Reykjavík. Hann lagði stund á nám í stjórnmálafræði í Bandaríkjunum en fékk á námsárum sínum áhuga á myndlist, sem varð æ fyrirferðarmeiri í lífi hans. Þórður var rúmlega sextugur þegar fyrsta sýning hans var sett upp í Listmunahúsinu í Lækjargötu 1983. Vakti sýningin athygli fyrir erótík og fjörlega litanotkun. Þórður tók fljótlega upp listamanns nafnið Kikó Korrríó og varð þekktur undir því nafni. Hann vann í ýmis efni, þó teikningar hans séu mestar að vöxtum. Nýverið gaf fjölskylda Þórðar safninu meginhluta ævistarfs hans, um 120–130.000 verk. Á sýningunni er hluti þessara verka, ásamt ljósmyndum sem teknar voru af Þórði er hann dvaldi í Hollywood og hitti margra af þekktustu kvikmyndastjörnum þess tíma.

Innsetning með teikningum, hraðskissum, járnhillum með strekkingum, skúlpúrum, klippimyndum, ljósmyndum, leir, máluðu járni, horni, tré og messing

Þórður was born in Reykjavík, where he grew up. He studied politics in the US, but during his studies became interested in art. He had just turned 60 when he held his first exhibition, at Listmunahúsið in Reykjavík in 1983. The show attracted attention for its eroticism and imaginative use of colour. Þórður took up the artist's name Kikó Korrríó and became known for his art under that pseudonym. Þórður worked in various materials, though coloured drawings make the main bulk of his creation. Recently his family donated a considerable part of his oeuvre to the museum, around 120–130,000 pieces. A selection of these works are displayed, along with enlarged photographs taken of Þórður while he stayed in Hollywood and met many of the most famous movie stars of the time.

Installation with drawings, sketches, iron shelves with straps, sculptures, collages, photographs, clay, painted iron, horn, wood, brass.



Sýnishorn safneignar II

Hannyrðir 36 óþekktra kvenna

Safnasafnið hefur á liðnum árum eignast mikið af hannyrðum og textilverkum og hefur á þessari sýningu valið verk úr safneigninni sem talið er að geti flokkast til myndlistar, eða standi henni nærri. Gefin er út bók jafnhliða sýningunni þar sem birtar eru ljósmyndir af verkunum og farið ofan í saumana á þeim í bókstaflegri merkingu, með greiningu á útsaumsgerð og efni. Á sýningunni er greiningin birt við hlið verkanna til þess að gestir geti gert samanburð og aukið þekkingu sína. Áhorfendum sýningarinnar er látið eftir að meta hvort um listaverk er að ræða eða ekki, því það ræðst af smekk og þekkingu. Hinu skal haldið til haga, að verk sem eru búin til með útsaumstækni eru fjölbreyttari í sniði heldur en málverk og gefa jafngilt tilefni til túlkunar. Gildi sýningarinnar og sýnisbókarinnar liggur í verkunum sjálfum, því þau tala eigin máli eins og flest listaverk, áherslan er á sjónræna feegurð þeirra og nafnleysi höfundar á ekki að vera til trafala.

Showcase II

Textile – works by 36 unknown women

The Icelandic Folk and Outsider Art Museum has in recent years acquired a considerable collection of textiles, and has in this selection chosen works which might be classified as visual art, or something very like it. A book is published with the exhibition, with the relevant works, with detailed discussion of them. The information about the works appears beside them, so that visitors can compare works and add to their knowledge. We leave it up to the viewer to consider whether these are works of art, or not – which is a matter of personal taste and knowledge. But let us bear in mind that works made using embroidery technique span a wider range than paintings – and are as worthy of interpretation and analysis. Many works are exhibited here divorced from their original function, and hence gain a new significance, freer and more interesting. The significance of the *Showcase II* lies in the works themselves – as they speak their own language, like most works of art. And the anonymity of the makers ought to be no obstacle.



Loji Höskuldsson (1987)

Loji býr í Reykjavík þar sem hann starfar að myndlist og tónsmíðum. Hann hefur á undanförunum árum unnið áhugaverð textilverk með flosnál í striga sem gefur þykka, upphleypta áferð og öðrum saumaðferðum. Loji hrifst af hversdagsleikanum, því sem er einfalt og aðlaðandi, og saumar m.a. kyrralífs- og náttúru-myndir, hugdettur og hrein form.


Loji is a visual artist and musician, living and working in Reykjavík. He has in recent years made interesting textile works, his technique being punch needle embroidery on canvas with embossed texture and other forms of embroidery. Loji's motifs derive from everyday life and objects, be it still-life and landscapes or natural and geometric forms.



Hulda Hákon (1956)

Hulda býr og starfar í Reykjavík og Vestmannaeyjum. Hún er þekkt fyrir skúlptúra sína og lágmyndir, oft með titlum eða textum sem víkka út upplifunina. Í verkum sínum skírskotar Hulda jöfnum höndum til daglegs lífs, stjórnmála, náttúru og þjóðlegs arfs, oft með kímnina að vopni, en þó ekki án alvarlegri undirtóns. Hún glímir við hið sértæka jafnt og hið hversdagslega, hið alþjóðlega og sammannlega en um leið hið séríslenska. Á þessari sýningu sýnir Hulda meðal annars verk tengd hafinu, sjómennsku, fiskveiðum og bjargráðum.

Hulda lives and works in Reykjavík and the Westman Islands. She is renowned for her sculptures and reliefs, often with a title or text which adds to the impact of the visual experience. In her works Hulda often refers to nature, national heritage, daily life and the politics of the day, often with a humorous approach but only to justify the means. Hulda incorporates in her works the individual experience and the everyday aspect, juxtaposing Icelandic history and reality with global human experience.



Jaroslav Leński (1969)

Jaroslav er fæddur í Póllandi og býr nú í Kópavogi. Hann vinnur úr einum erfiðasta efnivið sem hugsast getur, sker agnarlitla gripi í grafit úr blýöntum með heimasmiðuðum verkfærum, og setur stundum saman í stærri verk. Myndefnið er fjölbreytt, en einna mesta athygli vekja örmáar vélasamstæður sem minna á vísindaskáldskap og framtíðarhrollvekjur.

Jaroslav was born in Poland but now lives in Kópavogur, south Iceland. He carves miniscule objects from pencil graphite with his purpose-built equipment, sometimes grouping the objects together to create larger works. His motifs are varied, but most astonishing are his tiny combinations of machinery, reminiscent of science fiction or futuristic thrillers.

Gígja Thoroddsen – Gía (1957)

Gígja býr og starfar í Reykjavík og notar listamanns nafnið Gía. Verk hennar hafa sterka skirskotun í listasöguna, samtímann og samfélagið, og sem listamaður er hún í stöðugri þróun hvað varðar myndefni, efnisval og nálgun. Mörg verka Gígju byggja á reynslu hennar af því að vera kona og eins notandi geðheilbrigðiskerfisins. Hún hefur einnig gert verk í anda annarra listamanna úr listasögunni og má þar nefna Toulouse Lautrec og Leonardo Da Vinci, en hér sýnir Gígja málverk og teikningar með fjölbreyttu myndefni, m.a. af þekktu fólki úr samtímanum og mannkynssögunni.

Gígja lives and works in Reykjavík under the artist name Gía. Gígja's works relate to art history and the present time and society. As an artist Gígja constantly renews her motifs, choice of material and general approach. The source of many of her works is her experience of being a woman and also from being a client of services psychiatric. She has also made works inspired by artists like Toulouse Lautrec and Leonardo Da Vinci, but this time Gígja exhibits paintings and drawings with various themes and motifs, among them paintings of famous people, past and present.



Verslunin

Verslun Ásgeirs G. Gunnlaugssonar & Co var í eigu sömu fjölskyldu frá 1907 til 2006, er hún var lögð niður. Safnasafnið keypti innréttingarnar og setti upp sem umgjörð um sýningar tengdar textíl og hannyrðum. Á hverju ári eru settar upp ólíkar sýningar í versluninni. Í ár eru sýnd vefjar- og útsaumssýnishorn ásamt vatnslitaskissum úr vinnubókum Jóhönnu Jóhannsdóttur (1918–1985), og gifsafsteypur af fólki í þjóðbúningum eftir Elísabetu Geirmundsdóttur (1915–1959). Einnig er sýndur í versluninni afar vandaður faldbúningur eftir Magnhildi Sigurðardóttur, en faldbúningur er elsta gerð þjóðbúnings íslenskra kvenna.

The Store

The store of Ásgeir G. Gunnlaugsson & Co was in the ownership of the same family from 1907 to 2006, when it was closed down. The museum then bought the interior fittings and has used them as a frame for its textile related exhibitions. This year the exhibition includes examples from Jóhanna Jóhannsdóttir's (1918–1985) carefully-kept workbooks, with watercolour sketches and samples of embroidery and textiles, together with painted plaster casts of people in national costume by Elísabet Geirmundsdóttir (1915–1959). Also on display is a very fine example of the most authentic Icelandic national costume, a *Faldbúningur*, made by Magnhildur Sigurðardóttir.



Fræðimannsíbúð

Í Safnasafninu er starfrækt fræðimannsíbúð. Íbúðin er 67 m², með séringangi og útúin húsgögnum og eldunaraðstöðu. Fræðimenn hafa aðgang að bókasafni og rannsóknum Safnasafnsins skv. samkomulagi. Auk þess að þjóna sem fræðimannsíbúð geta áhugasamir leigt íbúðina allt árið um kring, nánari upplýsingar eru á vefsíðu safnsins.

Scholar's apartment

A scholar's apartment for use by researchers can be applied for at the Icelandic Folk and Outsider Art Museum. The residence is a 67 m² apartment with private entrance, furnished and with a fully-equipped kitchen. It can sleep 1–5 people. Scholars/researchers have access to the museum library and the museum's own research material upon agreement. The apartment is available for rent all year round, also by others than scholars when available. For more information see the museum website.

Samstarf við skóla

Að venju efnir Safnasafnið til samstarfs við grunn- og leikskóla við Eyjafjörð, að þessu sinni Valsárskóla og leikskólann Álfaborg á Svalbarðsströnd, og Grenivíkurskóla. Verkefnið er sameiginlegt og heitir *Furðudýr*. Þetta samstarf er hugsað til að efla listrænan áhuga og hugmyndaflug barnanna frá unga aldri, en einnig er safninu heiður og ánægja af þátttöku þeirra, lífsgleði og sköpunarkrafti.

Collaboration

True to custom the museum collaborates this summer with schoolchildren from the Eyjafjörður district, this time from the local kindergarten and elementary school in Svalbarðsströnd and from Grenivík further north. They all work on the same theme, *Amazing Animals*. The purpose of this collaboration is to encourage from an early age the children's imagination and interest in art, but the museum is also honoured by their participation and takes pleasure in sharing their cheerfulness and joy of creation.



Brúðusafnið

Í brúðusafni Safnasafnsins má sjá brúður íklæddar þjóðbúningum frá öllum heims-hornum. Brúðurnar á sýningunni eru 400 en í safneign eru alls um 800 gripir. Inn-lendir sem erlendir gestir hafa ánægu af að finna brúður frá heimalandi sínu og vilja um leið fræðast um aðrar þjóðir.

The Doll Collection

A permanent collection of dolls from all over the world. The dolls in the exhibition are 400 but around 800 altogether in the collection. Icelanders as well as foreign visitors enjoy finding dolls belonging to their homeland, as well as learning about other nations.



Safnasafnið hefur vakið athygli fyrir sýningar sínar og óvenjulega nálgun, bæði héraðs og erlendis, og um það verði fjallað í innlendum sem erlendum blöðum og tímaritum, m.a. hinu þekktu breska tímariti Raw Vision, sem helgað er alþýðulist, ITE í Finnlandi, sem sýnir list einfara og gefur út bækur og tímarit um sjálfsprottna list, og dpi-Magazine í Taipei á Taiwan, sem er öflugt í útgáfu og kynningu á alþýðulist frá öllum heimshornum. Safnasafnið var tilnefnt til safnaverðlauna Safnaráðs árið 2008. Einnig var Safnasafnið í lokaúrvali tilnefninga árið 2014 til hinna alþjóðlegu verðlauna Dr. Guislain-safnsins í Ghent, Belgíu, og nú á ný árið 2016, en sú stofnun er þekkt fyrir stuðning sinn í þágu einstaklinga með geðraskanir, og rekur m.a. þekkt listasafn í þeim tilgangi. Safnasafnið hlaut Eyrarrósina árið 2012, en Eyrarrósin er viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni.

The Icelandic Folk and Outsider Art Museum has gained attention and acknowledgements for its unique exhibitions and unusual approach both in Iceland and abroad. Articles have been written and published in newspapers and magazines, among others the respected British magazine Raw Vision, dedicated to folk and outsider art, ITE in Finland, an art institute and publisher of books and magazines about self-taught artists, and dpi-Magazine in Taipei, Taiwan, which showcases folk and outsider art from all over the world. In 2008 the Icelandic Folk and Outsider Art Museum was nominated for the Icelandic Museum Council Award. Also it has twice been nominated for the Dr. Guislain Award, in 2014 and 2016, and has both times been selected as a finalist among the most promising nominees. The Dr. Guislain Museum is a respected institution in Ghent, Belgium, exhibiting artefacts from the history of psychiatry and an extensive collection of outsider art. In 2012 the museum was awarded the Eyrarrós Award, which was founded to focus on and encourage cultural diversity, innovation and development in the field of culture and art.

Svava Skúladóttir (1909–2005)



Gjafir / Donations 2015–2016

Eftirtaldir listamenn gáfu verk eftir sig til safnsins /
Following artists donated their work to the museum

Arnar Herbertsson, Edda Óskarsdóttir, Erla Björk
Sigmundsdóttir, Guðbjörg Ringsted, Helgi Valdimarsson,
Joris Rademaker, Ragnheiður Ragnarsdóttir,
Ragnhildur Stefánsdóttir, Scott Kraynak.

Einnig bárust safninu verk eftir / other donations

Leó Anton Árnason (Ljón Norðursins) – gefendur /
donated by: Árni Leósson & Halldóra K. Gunnarsdóttir

Magnús Pálsson – gefendur höfundur og Francis
Covan / donated by the artist and his wife

Thor Vilhjálmsson – gefendur fjölskylda Thors /
donated by the artist's family

Þórður Guðmundur Valdimarsson (Kikó Korriró) &
Jóhanna Jóhannsdóttir – gefendur / donated by:
Aðalsteinn Sverrisson, Guðmundur Ingi Sverrisson,
Lára Björg Sverrisdóttir, Valdimar Sverrisson,
Vilborg Sverrisdóttir, Þórður Sverrisson

**Þakkir vegna samstarfs og stuðnings /
Thanks for collaboration and support**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið /
Ministry of Education and Culture

Svalbarðsstrandarhreppur /
The Local Council Svalbarðsströnd

Safnaráð / Museum Council of Iceland

Myndlistarsjóður / Art Council

Seðlabanki Ísland / Iceland Central Bank

Menningarsjóður Hlaðvarpana /
Hlaðvarpinn Culture Fund

Framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosninga-
réttar kvenna / Executive Committee for the
Centenary of Women's Suffrage in Iceland

Uppbyggingarsjóður Norðurlands eystra /
Eyþing Cultural Council

List án landamæra / Art without Borders

Gefendur listgripa, listamenn, skólar, velunnarar,
aðstoðarfólk, fjölmiðlar, gestir og listvinir /
Donors of artworks, artists, schools, supporters,
assistants, media, visitors and art lovers

Sýningar / Exhibitions 2016

Hannyrðir 36 óþekktu kvenna

+

Arnar Herbertsson / Atli Viðar Engilbertsson
Ásta Ólafsdóttir / Birgir Andrésón / Björn Líndal Guðmundsson
Dieter Roth / Elísabet Geirmundsdóttir / Elsa D. Gísladóttir
Guðjón R. Sigurðsson / Halldóra Kristinsdóttir / Hannes Lárusson
Hildur Hákonardóttir / Hildur Kristín Jakobsdóttir
Jóhanna Jóhannsdóttir / Kees Visser / Laufey Jónsdóttir
Magnús Pálsson / Ólafur Lárusson / Ragnhildur Stefánsdóttir
Sæmundur Valdimarsson / Svava Björnsdóttir / Svava Skúladóttir
Þór Vigfússon / Þórður G. Valdimarsson [Kikó Korriór]

+

Aðalheiður Eysteinsdóttir / Finnur Ingi Erendsson
Gígja Thoroddsen [Gía] / Hallgrímur Siglaugsson
Hálf dán Ármann Björnsson / Hulda Hákon
Jaroslaw Leński / Loji Höskuldsson
Magnhildur Sigurðardóttir / Ragnar Bjarnason
Scott Kraynak / Sigurður Kristjánsson
Yngvi Örn Guðmundsson

+

Valsárskóli / Leikskólinn Álfaborg
Grenivíkurskóli
Huglist / List án landamæra



Safnasafnið

The Icelandic Folk and Outsider Art Museum

+ 354 461 4066

safngeymsla@simnet.is

www.safnasafnid.is

facebook / Safnasafnid

Opið frá / Open from 14.05.–04.09.

Opnunartími / Opening hours 10:00–17:00

Tekið er á móti hópum eftir samkomulagi
Visits for groups can be arranged by agreement